

Umhverfisnefnd Alþingis
Eva Margrét Ævarsdóttir, nefndarritari
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík 6. febrúar 2003
Tilvísun: 2003020022/10.20
GA/BH
Tilv. ykkar: 30.01.2003

Efni: Umsögn v.:tillögu til þingsályktunar um grunngögn um náttúru landsins og náttúrufarskort 27. mál.

Með bréfi dags. 30.01.2003 er beðið um umsögn um þingsályktun 27. - 27. mál um ofangreint málefni.

Frá gildistöku laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Vegagerðin gert nær 80 skýrslur um mat á umhverfisáhrifum. Meðaltal kostnaðar við hverja skýrslu hefur verið áætlað 5 m.kr., króna eða heildarkostnaður um 400 m.kr.

Verulegur hluti þessa kostnaðar hefur runnið til rannsókna á náttúrufari. En ákvarðanir um þann þátt eru teknar á matsáætlunarstigi í samráði við Skipulagsstofnun eftir umsögn Umhverfistofnunar og hafa þær ekki verið sérlega umdeildar þótt ýmsum þyki kostnaðurinn mikill.


Niðurstöður þessara rannsókna liggja fyrir í matsskýrslum og fylgiskjölum með þeim og eru þannig aðgengilegar. En mikið skortir á tengingu þeirra við heildarmynd af náttúrufari landsins, enda hafa verkefni miðast við umhverfisáhrif einstakra framkvæmda en ekki tekið mið af markvissri uppbyggingu almennrar þekkingar á vistkerfum.

Miðað við þá reynslu sem Vegagerðin hefur aflað af rannsóknum á náttúrufari yrði skráning, flokkun og kortlagning á náttúru alls landsins afar mikið verkefni. Reyndar má telja eðlilegt að ráðast fyrst í úttekt á umfangi verksins og gera áætlun um kostnað og hvernig best sé að standa að því áður en ákvarðanir eru teknar um framkvæmd þess.

Aðgangur að umræddum grunngögnum myndi eflaust auðvelda gerð bæði matsáætlana og matsskýrslna. Þó virðist líklegt að í mörgum tilfellum yrði eftir sem áður að gera athuganir á vettvangi.

Vegagerðin hefur ekki orðið vör við að skortur á skilgreiningum á lágmarksgögnum eða lágmarksgæðum gagna við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda stofnunarinnar hafi skapað ágreining um ákvarðanir Skipulagsstofnunar eða umhverfisráðherra.

Virðingarfyllt,



Helgi Hallgrímsson,
vegamálastjóri.